


Stafræn Norðurlönd

Nordic Smart Government & Business
2021 - 2024



Stafræn Norðurlönd

Nordic Smart Government & Business
2021 - 2024



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Nordic
Innovation



Skatturinn



Fjársýslan

Efnisyfirlit

1	Aðfaraorð	2
2	Nordic Smart Government & Business 2021 - 2024	3
2.1	Skilvirkni og árangur með rafrænum viðskiptaskjölum	4
2.1.1	Sjálfvirknivæðing innkaupaferla	4
2.1.2	Skattheimta með notkun rafrænna sölureikninga	5
2.2	Upplýsingar úr skrám hins opinbera	7
2.2.1	Fyrirtækjaskrá og virðisaukaskattsskrá	8
2.2.2	Ársreikningaskrá	8
3	Stöðumat: Vörður í vegvísi að stafrænu vistkerfi	9
4	Áfram veginn: Næstu skref	11
	Viðauki I: Að bæta skilvirkni og árangur í skattheimtu með notkun rafrænna sölureikninga	14
	Viðauki II: Könnun á framkvæmd öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts	17
	Viðauki III: Könnun á stafvæðingu íslenskra fyrirtækja	18

Aðfaraorð

Þann 1. september 2020 samþykktu norrænu atvinnuvegaráðherrarnir áætlun sem var ætlað að koma hreyfingu á efnahagslífið í kjölfar Covid-19 og stuðla að sjálfbærum vexti í atvinnulífi á Norðurlöndum. Fjármögnuð voru verkefni sem áttu að styðja við sjálfbærar lausnir, hringrásarhagkerfi, stafræna þróun og nýsköpun. Stuðningur við samnorræna verkefnið Nordic Smart Government & Business (NSG&B) var hluti af þessum áætlunum. Ríkisstjórn Íslands samþykkti formlega stuðning við að raungera framtíðarsýn NSG&B hér á landi þann 26. júní 2020.

Framtíðarsýnin er í stuttu máli sú að byggja upp stafrænt vistkerfi sem felst í því að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma svo þau nýtist til nýsköpunar og vaxtar.

Fjárhagslegur ávinningur af stafrænu vistkerfi NSG&B er áætlaður 25 milljarðar evra árlega fyrir fyrirtæki á öllum Norðurlöndunum og 56 milljarðar króna árlega fyrir íslensk fyrirtæki.

Skatturinn er umsjónaraðili NSG&B á Íslandi. Verkefnið var gangsett að frumkvæði dönsku fyrirtækjaskrárinnar árið 2016. Á árunum 2021 - 2024 var unnið að fjórða og síðasta áfanga verkefnisins sem lauk í júní 2024. Í þessari samantekt er fjallað um afurðir verkefnavinnunnar og áunna þekkingu, sem mun nýtast í stafrænni umbreytingu á komandi árum.

Stefna og stafræn umbreyting Skattsins mun taka mið af sýn skattyfirvalda á Norðurlöndunum og stefnu OECD í skattamálum til ársins 2030 sem m.a. miðar að því að skattlagning fari fram samtímis því að viðskipti eiga sér stað. Framtíðarsýn NSG&B fer vel saman við sýn skattyfirvalda. Þátttaka Skattsins í NSG&B hefur því verið mikilvægur liður í stafrænni vegferð embættisins.

Við þökkum gott samstarf við aðila sem gegndu ráðgefandi hlutverki og tóku þátt í margvíslegri verkefnavinnu úr opinbera og einkageiranum: frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, menningar- og viðskiptaráðuneytinu, Stafrænu Íslandi, Samtökum atvinnulífsins, Háskólanum á Bifröst, skeytamiðlurum, hugbúnaðarhúsum og fyrirtækjum.

Hrós og þakkir fær landsteymið, sem skipað var sérfræðingum frá Skattinum og Fjársýslunni, fyrir vinnuframlagið og lærdómsríkt og skemmtilegt samstarf.

Saman erum við sterkari.

Snorri Olsen, ríkisskattstjóri

Linda Rut Benediksdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs

2 Nordic Smart Government & Business 2021 - 2024

Þátttakendur í Nordic Smart Government & Business 2021 - 2024 komu frá fyrirtækjaskrá, skattfyrvöldum, hagstofum og fleiri opinberum aðilum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Þeir unnu að skilgreindum viðfangsefnum í fjórum vinnuhópum:

- Hópur A: Rafræn viðskiptaskjöl og rafrænar vöruupplýsingar í viðskiptaskjölum
- Hópur B: Opin reikningsskil og einfölduð skýrsluskil
- Hópur C: Stafræn hæfni fyrirtækja
- Hópur D: Áreiðanleiki og gæði gagna

Hver hópur naut stuðnings stjórnendateymis sem og sérfræðinga í samskiptum við hagsmunaaðila. Þá var hvert land með eigið landsteymi. Landsteymin gegndu aðallega þrjú hlutverki:

- Tóku beinan þátt í norrænu verkefnavinnunni
- Höfðu samráð við hagsmunaaðila í heimalandinu
- Fylgdust með framgangi verkefna sem vitað var að vinna þyrfti sérstaklega í heimalandinu.

Íslenska landsteymið tók þátt í stjórnun NSG&B, vinnu allra vinnuhópa og samskiptateymisins. Mismikinn þó eftir áherslum og aðstæðum á hverjum tíma. Hér á eftir fer umfjöllun um megin afurðir verkefnavinnunnar.



Þátttakendur á vinnufundi NSG&B 22. til 23. maí 2024 í Reykjavík.

2.1 Skilvirkni og árangur með rafrænum viðskiptaskjölum

Stafræn gögn eru grundvöllur gagnadrifinnar þjónustu framtíðarinnar og nýrra leiða við framkvæmd verkefna hins opinbera, þ.m.t. skattframkvæmd. Í viðskiptum verða gögn m.a. til í daglegum innkaupum, en til þess að nýta þau gögn með sem bestum hætti verða kaupendur og seljendur (lítil og meðalstór fyrirtæki) að nota rafræn viðskiptaskjöl og viðskiptakerfi.

Nordic Smart Government & Business hefur með góðum árangri prófað að senda stöðluð rafræn viðskiptaskjöl, þ.e. reikninga, kvittanir, vörulista og pantanir, í gegnum Peppol viðskiptanetið hjá OpenPeppol sjálfseignarstofnuninni. Peppol viðskiptanetið er burðarlag sem tryggir rekstrarsamhæfi (e. Interoperability Framework). Ísland er aðili að OpenPeppol og er Fjársýslan tengiliður við stofnunina. Skeytamiðlarar hér á landi eru þrír talsins: Advania, Unimaze og InExchange.

2.1.1 Sjálfvirknivæðing innkaupaferla

Auka má skilvirkni fyrirtækja og hins opinbera, með sjálfvirknivæðingu innkaupaferla en forsenda þess er að gögnin sem notuð eru séu á stafrænu sniðmáti, stöðluð og áreiðanleg. Þannig er hægt að sjálfvirknivæða vinnuna að hluta eða að öllu leyti.

Dæmi um það er pörun pantana og reikninga. Ef pöntun er send úr pöntunarkerfi með pöntunarnúmeri til birgjis og birginn vísar í sama pöntunarnúmer á reikningi þá er hægt að bera þessi tvö skjöl saman sjálfvirkt. Til þess að kerfin geti unnið með skjölin og upplýsingarnar sjálfvirkt, verða þau að fylgja stöðluðu formi þannig að uppröðun og merking einstakra upplýsinga sé ótvíræð. Hér á landi hefur staðallinn Peppol BIS Billing 3.0 verið innleiddur sem TS-236, útgefinn af Staðlaráði Íslands. Sé staðallinn notaður við gerð innkaupagagna, er hægt að staðfesta upplýsingarnar í þeim sjálfvirkt og þannig að allir aðilar túlki þær með sama hætti.

NSG&B hefur unnið með atvinnulífínu við að skilgreina og samstillta innkaupaferla og staðla upplýsingar þannig að lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum geti átt í hnökralausum samskiptum sín á milli, bæði innan hvers lands og á milli Norðurlandanna. Markmiðið er að innkaupaferlar verði færðir til nútímalegra horfs og að rafræn kerfi sinni vinnunni að mestu, en þannig geta fyrirtækin einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni og aukið samkeppnishæfni sína á norrænum/evrópskum markaði. Bæði opinberar stofnanir og fyrirtæki í einkageiranum munu njóta góðs af sjálfvirknivæðingu innkaupaferla.

Skráning virðisaukaskatts er mikilvægur þáttur í Peppol BIS. Virðisaukaskattur er tilgreindur á rafrænum reikningi með virðisaukaskattskóta (e. VAT Tax Category Codes). Núverandi kótar duga vel fyrir viðskipti innanlands en hafa ákveðna veikleika þegar kemur að viðskiptum yfir landamæri. Í dag er notaður kótinn G fyrir útflutning (til landa utan Evrópusambandsins) og K fyrir viðskipti innan sambandsins. Í viðskiptum yfir landamæri þurfa rekstraraðilar í sumum löndum að vita hvort verið sé að versla með vörur eða þjónustu en í núverandi kótakerfi þarf að flokka slíkt handvirkt. Til þess að losna við þá handavinnu ákvað NSG&B að leggja fyrir Staðlanefnd Evrópu (CEN) tillögu að nýjum kótum. Tillagan er einfaldur en mikilvægur hluti af því sem hópurinn hefur lagt til svo að greiða megi fyrir aukinni sjálfvirkni við skýrslugjöf lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í notkun rafrænna skjala geta nálgast hagnýtar upplýsingar á vefsvæði verkefnisins, <https://nordicsmartgovernment.org>.

2.1.2 Skattheimta með notkun rafrænna sölureikninga

Til að auka þekkingu á hvernig bæta má skilvirkni og árangur í skattheimtu með notkun rafrænna sölureikninga lauk NSG&B annars vegar með góðum árangri tveimur tilraunaverkefnum um stafræn skil á upplýsingum um virðisauka-skattsskyld viðskipti til skattyfirvalda (samfelt færslueftirlit) og hins vegar könnun á framkvæmd öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts.

Í tilraunaverkefnum var lagt upp með að búa til og senda skýrslu um virðisauka-skattsskyld viðskipti (ViDA Report) til skattyfirvalda á Norðurlöndunum. Fyrri verkefnið byggði á rafrænum sölureikningum í millilandaviðskiptum. Seinna verkefnið byggði á rafrænum sölureikningum í millilandaviðskiptum, rafrænum sölureikningum í innanlandsviðskiptum og rafrænum kredit-reikningum. Reikningar voru gerðir samkvæmt Peppol BIS Billing 3.0 staðlinum og sendir í gegnum Peppol viðskiptanetið.

Stafræn skil á upplýsingum um virðisaukaskattsskyld viðskipti til skattyfirvalda, hvort heldur í rauntíma eða síðar (≤ 5 dagar)¹, gefur kost á ýmsum ávinningi í skatt-eftirliti s.s. eftirfarandi.

- Þegar seljandi hefur tilkynnt sölureikning, er hægt að gera kröfu um að sölureikningar sem kaupendur innskatta séu til á skrá hjá Skattinum. Þetta gerir óheimila innsköttun af hálfu kaupanda nánast ómögulega.
- Þetta leiðir af sér óbeint eftirlit frá kaupanda, þ.e. hann er líklegur til að gera athugasemd til seljanda ef innsköttun sölureiknings er hafnað vegna þess að hann hafi ekki verið skráður í kerfi Skattsins.
- Hjá Skattinum byggist upp ítarlegur gagnagrunnur yfir viðskipti á milli mismunandi aðila sem nýta má á ýmsan hátt til greiningar og eftirlits. Með hagnýtingu tækninnar nýtist mannaflinn betur og þar með fjármunir í eftirliti.

Ávinningur öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts er sérstaklega skýr í viðskiptum milli aðila sem báðir eru virðisaukaskattsskyldir. Í stað þess að seljandi innheimti skattinn og skili honum í ríkissjóð en kaupandi fái hann síðan endurgreiddan þá er greiðsluábyrgðin yfirfærð á kaupandann þar sem skattskilin núllast út. Ávinningurinn er sá að fjárhæð útstandandi vörsluskatta lækkar verulega og þar með mögulegar fjárhæðir vanskila.

Regluverk um öfuga skilaskyldu virðisaukaskatts í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku nær til þeirrar starfsemi sem er hvað berskjölduðust gagnvart virðisaukaskattssvikum. Upplýsingar um hvaða starfsemi það er má sjá í töflu 1.

¹ Tíðni skýrslugjafar er mismunandi og háð aðstæðum. Heilt yfir má segja að skýrslugjöf eigi sér annað hvort stað í rauntíma þ.e. við útgáfu rafræns sölureiknings eða innan fimm daga frá útgáfu/móttöku reikningsins.

Starfsemi	Finland	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Ísland
Erlend viðskipti	X	X	X	X	X
Raftæki / fjarskiptaþjónusta		X		X	
Gull	X	X	X		
Koltvísýringsvottorð	X	X	X		
Brotajárn	X	X			
Byggingastarfsemi	X	X			
Innanlandsviðskipti	X	X	X	X	

Tafla 1: Yfirlit yfir þá starfsemi sem öfug skilaskylda nær til á Norðurlöndunum.

Hér á landi er kveðið á um öfuga skilaskyldu í viðskiptum yfir landamæri í 35. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Í ákvæðinu er ábyrgðinni á því að skila virðisaukaskattinum í ríkissjóð þegar keypt er þjónusta frá erlendum aðilum í tilteknum tilvikum varpað á kaupanda þjónustu en ekki seljanda. Hvíli ábyrgðin á: a) virðisaukaskattsskyldum aðilum að því leyti sem þeim er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af þjónustunni til innskatts, b) aðilum sem eru undanþegnir virðisaukaskatti skv. 2. gr. laganna, s.s. fjármálafyrirtæki, sjúkrahús, leikskólar, íþróttastarfsemi og almenningssamgöngur, c) einstaklingum og aðilum sem ekki stunda atvinnurekstur eða starfsemi í hagnaðarskyni, og d) stofnunum og opinberum aðilum sem eru ekki í beinni samkeppni við atvinnufyrirtæki og eru því ekki skattskyldir hér á landi. Greiðsluskyldan nær ekki til kaupanda ef hið erlenda atvinnufyrirtæki eða umboðsmaður þess er skráður á virðisaukaskattsskrá hér á landi.

Undantekning frá þessu er ef keypt er þjónusta frá erlendum aðilum sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónusta eða útvarps- og sjónvarpsþjónusta. Þá hvíli ábyrgðin á seljanda þjónustu og kaupandi verður ekki krafinn um að skila virðisaukaskattinum í ríkissjóð í vanskilum seljanda.

Á Íslandi eru það aðallega fjármálafyrirtæki og tryggingafélög sem senda inn skýrslu um virðisaukaskattsskyld kaup á þjónustu frá útlöndum en á árinu 2022 bárust einungis 34 skýrslur.

Fjallað er ítarlegar um hvernig bæta má skilvirkni og árangur í skattheimtu með notkun rafrænna sölureikninga í viðauka I.

Fjallað er ítarlegar um framkvæmd öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts og helstu áskoranir í viðauka II.

2.2 Upplýsingar úr skrá þess opinbera

Vegna hlutverks þess opinbera í samfélaginu búa stjórnvöld yfir mikilvægum upplýsingum um fyrirtæki sem nauðsynlegt er að séu traustar og greiður aðgangur að. Hjá Skattinum er haldið utan um slíkar upplýsingar m.a. í fyrirtækjaskrá, virðisaukaskattsskrá og ársreikningaskrá. Til þessa hafa gögn í skrá þess opinbera ekki verið á vällæsilegu sniði og því aðeins hægt að sækja þau með stöku uppflettingum.

Nordic Smart Government & Business hefur unnið með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2019/1024/ESB frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Í framkvæmdareglugerð ESB 2023/138 (kafla 5) eru tilgreind þau gögn/gagnasett sem skulu vera á vällæsilegu sniði, veitt um forritaskil/vefþjónustu (API)² og með magnniðurlöngum.

2.2.1 Fyrirtækjaskrá og virðisaukaskattsskrá

NSG&B hefur nú bætt aðgangi að grunnupplýsingum úr fyrirtækjaskrá til samræmis við kröfur í framkvæmdareglugerð ESB. Í fyrstu má þar nálgast með stafrænum hætti upplýsingar um nafn félags, kennitölu, stöðu, skráningardagsetningu, heimilisfang, rekstrarform og skráningaraðila fyrir öll fyrirtæki sem skráð eru í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Mikilvægur og tímafrekur þáttur í þessari vinnu var gerð skema og lýsigagna. Skema í vefþjónustu lýsir uppbyggingu og formi gagna sem vefþjónustan notar eða sendir. Þetta tryggir að öll gögn eru rétt uppbyggð og auðskilin. Lýsigögn í vefþjónustu veita frekari upplýsingar um gögnin, svo sem uppruna, tímastimpla og aðrar mikilvægar upplýsingar sem auðvelda vinnslu og stjórnun gagna.

Í vefþjónustunni á Íslandi verður auk grunnupplýsinga úr fyrirtækjaskrá hægt að nálgast skráð virðisaukaskattsnúmer íslenskra fyrirtækja, hvoru tveggja opin númer og lokuð. Þetta er fyrsta skref Skattsins í innleiðingu Skýjastefnu þess opinbera og er hönnun og uppsetning þjónustunnar í samræmi við stefnumörkun fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tæknigrunn Microsoft Azure skýjaþjónustunnar.

Þess er vænst að ný þjónusta verði tekin í notkun í viðskiptakerfum hugbúnaðarhúsa sem þjónusta lítill og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum.

Bætt aðgangi að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá og virðisaukaskattsskrá auðveldar fyrirtækjum og stofnunum hagnýtingu þeirra og samrýmist nýjustu breytingum á lögum nr. 45/2018, um endurnot opinberra upplýsinga.

² API (e. Application Program Interface) er sett af hugbúnaðaraðgerðum og verklagsreglum sem leyfa forritum að fá aðgang að eiginleikum og/eða gögnum annarrar hugbúnaðarlausnar; forrit geta sent beiðnir í þetta viðmót og fengið svör. Verulegur kostur við þetta miðað við hefðbundin hugbúnaðarviðmót er að hægt er að vernda flóknar og viðkvæmar upplýsingar inni í hugbúnaðarlausninni þar sem samskipti við önnur forrit fara aðeins í gegnum API.

2.2.2 Ársreikningaskrá

NSG&B hefur lagt grunn að nýrri högun á aðgengi að upplýsingum úr ársreikningaskráum Norðurlandanna og að stafrænum skýrsluskilum á reikningsskilum.

Í NSG&B er grunnurinn að rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í stafrænum skýrsluskilum, kallað xEBR, fenginn úr tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja.

Verkefnið snérist um að máta fyrirmynd allra Norðurlandanna að rekstrar- og efnahagsreikningi inn í ársreikningatilskipun ESB og greina mismun í uppsetningu. Í þessu fólst einnig gerð skema og lýsigagna fyrir valin hugtök í reikningsskilum. Með heitum og skilgreiningum á liðum rekstrar- og efnahagsreiknings voru settar tilvísanir í viðeigandi lög og reglur. Hérlandis voru það einkum lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og reglugerð nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Stafrænum skýrsluskilum á reikningsskilum er ætlað að auðvelda miðlun fjárhagsupplýsinga í gegnum staðlað form og einfalda samskipti á milli fyrirtækja, stofnana og eftirlitsaðila.

3 Stöðumat: Vörður í vegvísi að stafrænu vistkerfi

Í vegvísi að stafrænu vistkerfi Nordic Smart Government & Business (2020) eru skilgreindar vörður og viðmið á þeirri vegferð að gera stafrænt vistkerfi að veruleika. Vörðurnar, sem eru sjö talsins, má sjá í töflu 2. Vörður I - V lúta að grunnþáttum í stafrænu vistkerfi NSG&B: notkun á viðskiptakerfum, notkun á stöðluðum raf-rænum viðskiptaskjölum og aðgengi að upplýsingum um fyrirtæki. Í vörðu VI er sett fram viðmið um væntan fjárhagslegan ávinning allra fyrirtækja á Norðurlöndunum af notkun snjalltækni og rauntímagagna. Varða VII snýr svo að metnaðarmáli norrænu forsætisráðherranna þess efnis að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta landsvæði í heiminum.

Maskína framkvæmdir könnun á stafvæðingu fyrirtækja útfrá skilgreindum vörðum í vegvísi fyrir NSG&B haustið 2023 í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Hér eru dregnar fram niðurstöður fyrir Ísland. Mælitækið þróuðu sérfræðingar NSG&B, sem hafa mikla þekkingu og reynslu af stafrænni þróun og spurningagerð.

Vörður	Viðmið	Ísland 2023
Varða I: Árið 2022 noti 70% lítilla og meðalstórra fyrirtækja stafræn viðskiptakerfi.	70%	83%
Varða II: Árið 2023 muni lítil og meðalstór fyrirtæki geta valið að færa viðskiptagögn sín á milli viðskiptakerfa.	*	27%
Varða III: Árið 2023 verði hægt að sinna sölu og kaupum stafrænt með samhæfðu sniði um öll Norðurlönd.	Sannreynt	Sannreynt (Peppol)
Varða IV: Árið 2023 verði 80% viðskiptakerfa með vefþjónustu (API), þannig að lítil og meðalstór fyrirtæki geta veitt þjónustuaðila/þriðja aðila aðgang að viðskiptagögnum.	80%	58%
Varða V: Árið 2024 verði 80% sölureikninga sendir á Norðurlöndum rafrænar.	80%	71%
Varða VI: Árið 2025 hafi lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum sparað 500 milljónir evra með notkun snjalltækni og rauntímagagna.	8 milljónir evra á ári**	10 milljónir evra á ári
Varða VII: Árið 2027 verði Norðurlöndin samþættasta [stafræna] svæði heims.	*	57%

Tafla 2: Vörður í vegvísi að stafrænu vistkerfi.

* Viðmið óskilgreint af hálfu NSG&B.

** Viðmiðið er 500 milljónir evra fyrir Norðurlöndin í heild en m.v. þjóðarframleiðslu er hlutur Íslands í því um 8 milljónir evra.

Viðskiptakerfi, svo sem bókhalds- eða fjárhagskerfi, eru útbreidd á Íslandi og nota 83% fyrirtækja slík kerfi samkvæmt könnuninni. Aðspurð hvort fyrirtækið geti skipt um þjónustuaðila fyrir viðskiptakerfi án verulegs kostnaðar voru aðeins 27% mjög eða frekar sammála því.

NSG&B sannreyndi að senda má stöðluð rafræn viðskiptaskjöl í gegnum Peppol viðskiptanetið um öll Norðurlönd. Aðeins 41% aðspurðra voru meðvituð um að það er hægt (svöruðu játandi).

Samkvæmt könnuninni geta 58% fyrirtækja veitt þjónustuaðila/þriðja aðila aðgang að gögnum fyrirtækisins í gegnum stafræn viðskiptakerfi.

Spurt var hvort fyrirtæki sendi rafræna sölureikninga í stað þess að senda sölureikninga á pappírsmi eða sem PDF-skjöl og sögðu 71% alla eða flesta sölureikninga senda rafrænt á milli kerfa.

Þá voru fyrirtækin beðin að áætla hversu mikið þau myndu spara í evrum fram til ársins 2025 með notkun snjalltækni og rauntímagagna og af þeim sem svöruðu mátu 15% sparnaðinn þá orðinn meiri en 10.000 evrur. Áætlaður heildarsparnaður fyrirtækja er nú þegar talinn verulegur eða um 1,5 milljarður króna árlega eingöngu vegna þess hagræðis sem hlýst af sendum rafrænum sölureikningum til hins opinbera (Bergþór Skúlason og Georg Birgisson).

Fyrirtækin sem selja vörur og/eða þjónustu sína til annarra svæða (utan Norðurlandanna) voru spurð hvernig Norðurlöndin standi að vígi þegar kemur að rafrænni þjónustu (samþættingu kerfa) miðað við önnur svæði. Miklu betur eða svolítið betur sögðu 57%.

Niðurstöðurnar eru vísbending um þann árangur sem hefur náðst. Þess er vænst að þær nýtist í samtali um hvernig skuli halda áfram veginn í stafrænni umbreytingu á Íslandi.

Fjallað er ítarlegar um niðurstöður könnunarinnar á Íslandi í viðauka III.

4 Áfram veginn: Næstu skref

Fjöldi verkefna þarf að vinna til að raungera framtíðarsýn Nordic Smart Government & Business og ná fram fjárhagslegum ávinningi. NSG&B vísar veginn en innleiðing breytinganna er í höndum opinberra aðila og atvinnulífs.

Meðal brýnustu verkefna ráðuneyta og stofnana hér á landi er áframhaldandi samstarf við hin Norðurlöndin á sviði rafræna viðskiptaskjala, gagnaskipta, rekstrarsamhæfi og sjálfbærni. Þá er brýnt að móta heildstæða gagnastefnu fyrir Ísland, ljúka endurskoðun laga um bókhald nr. 145/1994 og rýna lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með hliðsjón af þeim tækifærum sem notkun rafræna sölureikninga opnar á til að bæta skilvirkni og árangur í skattheimtu.

Nordic Smart Government & Business

Stýrihópur NSG&B ákvað á fundi sínum í september 2024 að halda áfram samstarfi á sviði rafræna viðskiptaskjala og gagnaskipta. Ennfremur að vinna saman í samskiptum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um mikilvægi þess að auka rekstrarsamhæfi, sem dregur úr stjórnslubyrði og eykur samkeppnishæfni fyrirtækja á innri markaðnum.

Hagaðilum býðst að sækja fjarfundi NSG&B um afurðir allra vinnuhópa í október 2024. Á fundunum, alls fimm talsins, verður m.a. fjallað um notkun rafræna viðskiptaskjala og aðgengi að upplýsingum úr skráum hins opinbera. Fundirnir eru haldnir í þeim tilgangi að styðja við frekari upptöku rafræna viðskiptaskjala með fræðslu, upplýsa um breytta högun á aðgengi að grunnupplýsingum úr fyrirtækjaskrá og hvetja til þess að ný þjónusta verði tekin í notkun í viðskiptakerfum hugbúnaðarhúsa sem þjónusta lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum. Lokaskýrsla NSG&B verður svo gefin út í lok árs í samstarfi við Nordic Innovation.

Norrænt samstarf er varðar upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti í starfsemi fyrirtækja

Danska fyrirtækjaskráin, að undangengnu samþykki Change Advisory Board NSG&B, sótti um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar í verkefni sem varðar upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti í starfsemi fyrirtækja. Verkefnið hlaut 2,5 milljónir danskra króna í styrk úr verkefnasjóði MR-VÆKST í verkefni sem unnið verður á tímabilinu júní - desember 2024. Verkefnið er svokallaður undanfari til að undirbyggja frekara samstarf á þessu sviði vegna tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2022/2464 frá 5. janúar 2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni (CSRD). Á Íslandi er fyrirhugað að menningar- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Frumvarpinu er ætlað að innleiða áður nefnda tilskipun í íslenskan rétt.

Upplýsingatæknimál íslenska ríkisins

Fyrirhugað er að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fram frumvarp til laga á haustþingi 2024 um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins. Markmið laganna er að tryggja samræmda, hagkvæma, örugga og vandaða högun upplýsingatækni ríkisins ásamt því að auka skilvirkni og gagnsæi við veitingu opinberrar þjónustu.

Þá er í bígerð að móta nýja heildstæða gagnastefnu fyrir Ísland sem tryggir að söguleg gögn megi auðveldlega flytja úr einu kerfi í annað og styðja þannig við þróun í opinberri þjónustu og samkeppni á markaði. Útgangspunkturinn í ríkjandi stefnu eru viðskiptaferlarnir en ekki gögnin sjálf. Rekstrarsamhæfi, þ.e. samtengingu og samverkun kerfa, er því almennt ábótavant hjá hinu opinbera.

Íslensk bókhaldslög

Mikilvægt er að ljúka vinnu við að uppfæra lög nr. 145/1994, um bókhald, í takt við nútímann, þ.e. aukna notkun viðskiptakerfa og rafrænna viðskiptaskjala, og reglugerð nr. 505/2013 um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga og bókhaldskerfa.

Til skoðunar er að skylda tiltekin rekstrarform til að nota stafræn viðskiptakerfi ef velta er yfir ákveðnu lágmarki. Lögin ættu einnig að kveða á um notkun staðlaðs bókhaldslykils sem stafrænu kerfin þyrftu að styðja. Drög að reglugerð um staðlaðan bókhaldslykil eru í vinnslu hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Staðan á íslenskum markaði í dag er á þá leið að fyrirtæki geta hvert fyrir sig skilgreint númer á bókhaldslykli eftir því sem hentar þeim. Það eru vissulega kostir við að geta sérsniðið bókhaldslyklana að þörfum rekstursins. Raunin er þó sú að hröð tækniþróun hefur verið í sjálfvirknivæðingu á eftirfarandi þáttum er viðkoma bókhaldi: Sjálfvirkum lestri af pdf skjölum og inn í bókhald, sjálfvirkum færslum af bankareikningum og inn í bókhald og eitthvað er um tækniþróunarverkefni þar sem hugmyndir eru um að gera greiðslumiðlun alveg sjálfvirka.

Það að geta sjálfvirknivætt sem stærstan hluta bókhaldsins veitir möguleika á því að spara mikinn tíma og kostnað. Til að raungera sjálfvirknivæðingu ferla í bókhaldi og standa með tækniþróun sem miðar að sem sjálfvirkustu heildstæðu bókhaldskerfi er nauðsynlegt að bókhaldslyklar séu staðlaðir og samræmdir milli kerfa á Íslandi. Það eykur flækjustig og villuhættu að hafa bókhaldslyklana ekki staðlaða á milli bókhaldskerfa og hvað þá á milli fyrirtækja.

Íslensk virðisaukaskattslöggjöf

Evrópusambandið hefur lagt fram tillögu að breytingum á tilskipun um virðisaukaskatt undir heitinu VAT in the Digital Age, skammstafað ViDA. Þó að Ísland sé ekki skuldbundið að taka upp tilskipanir í skattamálum þá er virðisaukaskattskerfið á Íslandi í megindráttum eins uppbyggt og hjá Evrópusambandinu og því unnt að taka upp þær breytingar sem koma fram í ViDA tilskipuninni, ef þær yrðu taldar til gagns. Ráðlegt er að stjórnvöld taki fyrr en seinna afstöðu til þess hvort rétt væri að gera breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með hliðsjón af ViDA og þeim tækifærum til að bæta skilvirkni og árangur í skattheimtu sem notkun rafrænna sölureikninga ber með sér.

Peppol ViDA tilraunaverkefni

Peppol gangsetti nýverið ViDA tilraunaverkefni sem byggir á tilraunaverkefnum NSG&B um stafræn skil á upplýsingum um virðisaukaskattsskyld viðskipti til skattyfirvalda.

Verkefninu er ætlað að sýna fram á að staðallinn Peppol BIS Billing 3.0 og Peppol viðskiptanetið megi nota til að standast væntingar allra hagsmunaaðila sem skuldbundnir eru til að uppfylla kröfur ViDA um stafræna skýrslugjöf með notkun rafrænna sölureikninga.

Þátttöku í verkefninu býðst skattyfirvöldum ríkja í Evrópusambandinu, Noregi og á Íslandi ásamt viðurkenndum þjónustuaðilum Peppol, fyrirtækjum sem stunda rafræn viðskipti, alþjóðasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum, svo sem fulltrúum frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (DG TAXUD, DG GROW og DG DIGIT), Staðlaráði Evrópu (CEN), Nordic Agenda (vinnuhópi 41) og Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

Ráðlegt er að taka fyrr en seinna ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti Skatturinn tekur þátt í þessu verkefni. Verkefnið, sem áætlað er að vinna á tímabilinu september 2024 - desember 2025, var formlega ræst á fundi þann 23. september síðastliðinn í Prag.

Ársreikningaskrá Skattsins

Áfram verður unnið að því hjá Skattinum að bæta aðgengi að upplýsingum úr ársreikningaskrá.

Framkvæmd öfugrar skilaskyldu

Skatturinn hyggst útbúa rafræna þjónustu til að einfalda skil skýrslu um virðisauka-skattsskyld kaup þjónustu erlendis frá. Ennfremur veita upplýsingar um framkvæmdina á vefsvæði Skattsins.

Viðauki I: Að bæta skilvirkni og árangur í skattheimtu með notkun rafrænna sölureikninga

Innleiðing rafrænna sölureikninga á síðustu árum hefur gengið vel. Meginbreytingin sem leiðir af þeim er að innihald sölureiknings er nú á tölvutæku formi og úrvinnsla hans því ekki háð innslætti gagnanna inn í tölvukerfi. Þetta á við um öll gögn sölureikningsins en ekki bara þau sem venjulega eru slegin inn í bókhaldskerfi eins og fjárhæð til greiðslu og fjárhæð skatta. Notkun rafrænna sölureikninga opnar á ýmis tækifæri til að bæta skilvirkni og árangur í skattheimtu.

Virðisaukaskattsskil

Brot sem tengjast misnotkun á virðisaukaskattskerfinu, t.a.m. með notkun tilhæfulausra reikninga, eru kerfisbundin og umfangsmikil. Slík skattsvik eru talin algengustu frumbrot peningaþvættis á Íslandi og greind áhætta af þeim metin mikil. Þetta kemur fram í áhættumati ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka frá því í lok árs 2023. Þá hafa skattyfirvöld á Norðurlöndunum einnig talið áhættu mikla af misnotkun á virðisaukaskattskerfinu. Hér er fjallað um tækifæri til að bæta virðisaukaskattsskil með notkun rafrænna sölureikninga.

Samfelld færslueftirlit

Í samfelldu færslueftirliti (e. Continuous Transaction Control, CTC - ViDA) felst að seljandinn sendir upplýsingar um hvern einstakan útgefinn sölureikning til skattyfirvalda og kaupandi tilkynnir með sama hætti hvern móttækinn sölureikning. Vinnsla sem þessi er ekki raunhæf með sölureikninga á pappírformi en ef sölureikningar eru á rafrænu formi er hægt að senda upplýsingar til skattyfirvalda sjálfkrafa og í rauntíma eða því sem næst.

Fjölmeiri lönd, innan og utan Evrópu, eru í dag að innleiða lausnir sem byggja á hugmyndafræði CTC en á mjög mismunandi máta bæði hvað varðar verklag og tæknilegar útfærslur. Hvað varðar verklagsatriði þá þurfa seljendur í sumum löndum að fá staðfestingu skattyfirvalda á sölureikningi áður en hann er sendur til kaupanda en í öðrum má tilkynna hann um leið eða innan nokkurra daga. Mismunandi er hvort kaupendur séu krafðir um að senda inn upplýsingar um móttækna sölureikninga. Einnig er mismunandi hversu miklar upplýsingar úr hverjum sölureikningi eru sendar skattyfirvöldum.

Vegna þess að CTC felur í sér mikinn gagnaflutning milli aðila þá er innleiðing háð því að sölureikningar séu á rafrænu formi, sérstaklega ef gerðar eru kröfur til kaupandans um að senda inn upplýsingar um móttækna sölureikninga. Því má segja að innleiðing CTC geri notkun rafrænna sölureikninga óbeint að skyldu. Efnahagslegur ávinningur af því er hinsvegar töluverður og atvinnulífið virðist yfirleitt kunna að meta þann ávinning. Skilgreiningar og tækniumgjörð fyrir rafræna sölureikninga er þegar til staðar að frátöldum tengingum til Skattsins.

Öfug skilaskylda

Í öfugum skilum (e. Reverse Charge) er kaupandinn gerður ábyrgur fyrir greiðslu virðisaukaskattsins í stað þess að seljandinn leggi á og fái virðisaukaskattinn greiddan frá kaupanda og standi síðan skil á honum í ríkissjóð.

Öfug skilaskylda er notuð í tvennu samhengi innan Evrópu. Annarsvegar sem hluti af sameiginlegum markaði Evrópu og þá sem þáttur í uppgjöri virðisaukaskatts á milli ESB landanna. Hinsvegar er öfug skilaskylda notuð fyrir viðskipti innan einstakra ESB landa og þá byggt á sérlögum viðkomandi lands. Ísland er ekki hluti af virðisaukaskattskerfi Evrópusambandsins og getur því ekki beitt öfugri skilaskyldu fyrir viðskipti gagnvart ESB löndum heldur undanskilur útflutning frá virðisaukaskatti á grundvelli laga um virðisaukaskatt. Ísland getur þó, óháð því, innleitt sambærilegt kerfi fyrir innanlandsviðskipti milli virðisaukaskattsskyldra aðila. Innleiðing á öfugum skilum vegna viðskipta innanlands þarfnast lagabreytinga. Innleiðing krefst nokkurra breytinga í verklagi en er að öllu jöfnu tiltölulega einföld í innleiðingu í bókhaldskerfum því að kerfisútfærslur eru vel þekktar og yfirleitt þegar til staðar, allavega, í þeim bókhaldskerfum sem koma erlendis frá en hafa verið staðfærð.

Yfirleitt virðast fyrirtæki ánægð með þennan möguleika því þetta gefur þeim valkost sem einfaldar meðhöndlun virðisaukaskatts og lækkar þær fjárhæðir sem fara á milli viðskiptaaðila og þá um leið möguleg vanskil þeirra á milli.

Bein innheimta

Bein innheimta felst í að kaupandi greiðir virðisaukaskattinn ekki til seljanda heldur beint í ríkissjóð. Í Evrópusambandinu er þetta ýmist kallað „split payment“ sem vísar til þess að reikningurinn er greiddur með tveimur greiðslum til mismunandi aðila, eða „withholding tax“ sem vísar til þess að kaupandinn heldur eftir hluta skattsins. Hugtakið „withholding tax“ getur einnig átt við aðra skatta en virðisaukaskatt, t.a.m. staðgreiðslu tekjuskatts.

Megin tilgangur þessa er að draga úr hættu á því að seljandinn fari í vanskil með þann skatt sem hann á að greiða og færa þá greiðsluskyldu yfir á kaupandann. Þá þarf kaupandinn að vera skráður á virðisaukaskattsskrá til þess að geta tekið þessar greiðslu með inn í sín skil. Öfug skil koma að mestu í staðinn fyrir þetta.

Innleiðing á fyrirkomulagi sem þessu felur í sér nokkuð flækjustig, t.a.m. flóknari útfærslu á greiðslufyrirmælum.

Rauntíma skattskil

Núverandi skil á virðisaukaskatti byggja á skýrslum sem skilað er með reglubundnu millibili, yfirleitt á tveggja mánaða fresti, sem síðan eru stemmdar af gagnvart ársuppgjöri. Yfirleitt liggur nokkur vinna hjá fyrirtækjum á bakvið undirbúning þessara skila en töluverður hluti þeirrar vinnu felst þó í hefðbundinni færslu bókhalds sem er forsenda fyrir skilunum. Skýrslurnar sýna eingöngu samtölur. Eftirlit af hálfu Skattsins felst t.a.m. í því að kallað er eftir sundurliðuðum gögnum frá viðkomandi virðisaukaskattsskyldum aðila.

Með tilkomu rafrænna sölureikninga er mögulegt að breyta þessu þannig að í stað reglubundinna skýrslna séu upplýsingar úr hverjum einstökum sölureikningi, eða sölureikningurinn í heild, sendur inn til Skattsins um leið eða stuttu eftir að reikningurinn er gefinn út og þar með hefur útskattur verið skráður. Á sama hátt, ef kaupanda er gert að senda inn upplýsingar um móttækna sölureikninga um leið og þeir eru móttæknir, þá skráist þar með sá innskattur sem hann vill nýta. Þetta

krefst þess að um leið og kaupandi tilkynnir sölureikning þá gefi hann upp hvort hann vilji innskatta virðisaukaskattsupphæð reikningsins. Þar með byggist skulda- eða inneignarstaða einstakra fyrirtækja upp jafnóðum. Skil á greiðslustöðu getur farið fram með reglulegu millibili en þetta opnar leið fyrir Skattinn að setja skulda- mörk fyrir einstaka aðila í samræmi við eðli viðskipta þeirra og áreiðanleika.

Gagnavinnsla

Þegar sölureikningur er á rafrænu formi er hægt að nýta þær upplýsingar sem þar koma fram til frekari gagnavinnslu. Þetta gefur möguleika á að vinna gögn upp úr öllu innihaldi hans, þ.m.t. einstaka vörulínnum. Mögulegt er að flytja rafræna sölu- reikninga inn í sjálfstæðan gagnagrunn og gera greiningar á þeim óháð því hvaða upplýsingar úr þeim voru lesnar inn í bókhaldskerfin.

Milliríkjaviðskipti

Skilgreining Staðlaráðs á rafrænum sölureikningi á Íslandi er í samræmi við skil- greiningar OpenPeppol á rafrænum sölureikningum. Það er því hægt að nota þá á milli viðskiptaaðila innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. OpenPeppol hefur einnig þróað útfærslu fyrir viðskipti við lönd utan Evrópu- sambandsins og hafa Japan, Singapúr, Malasía, Ástralía, Nýja-Sjáland og Sameinuðu arabísku furstadæmin þegar tekið hana í notkun. Einnig er unnið að því að hægt sé að nota reikninga á þessu formi í viðskiptum við Bandaríkin og Kanada. Á næstu tveimur árum stendur til að taka þessa alþjóðlegu útfærslu í notkun hjá Open- Peppol og þar með yrði hún einnig innleidd á Íslandi.

Sá möguleiki að taka við og senda rafræna sölureikninga í tengslum við milliríkja- viðskipti opnar leiðir til skilvirkari innheimtu skatta og innflutningsgjalda, m.a. í tengslum við þjónustu sem erlendir aðilar selja beint til íslenskra aðila, s.s. veitu- þjónustu og auglýsingar.

Viðauki II: Könnun á framkvæmd öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts

Indikator í Svíþjóð framkvæmdi fyrir NSG&B könnun á helstu áskorunum í tengslum við framkvæmd öfugrar skilaskyldu virðisaukaskatts dagana 13. september - 9. október 2023 á öllum Norðurlöndunum. Samtals svöruðu 1.286 (18%) könnuninni sem var send sérfræðingum í bókhaldi og endurskoðendum. Í kjölfar könnunarinnar voru tekin viðtöl við átta aðila sem gáfu kost á því. Alls 57 tóku þátt í könnuninni frá Íslandi og einn gaf kost á viðtali.

Þekking á hugtakinu öfug skilaskylda og reynsla af framkvæmdinni

Þátttakendur þekkja langflestir hugtakið öfug skilaskylda eða 95%. Á Íslandi voru þeir færri eða 47% þátttakenda, 53% voru kunnugir 35. gr. laga um virðisaukaskatt en aðeins 28% höfðu skilað inn skýrslu um virðisaukaskattsskyld kaup þjónustu erlendis frá.

Viðhorf til framkvæmdar öfugrar skilaskyldu

Aðspurðir hvort innbyggt sé í bókhaldskerfi þátttakenda að meðhöndla reikninga með öfugri skilaskyldu sagði mikill meirihluti eða 86% svo vera og 68% vinnsluna auðveld. Fáir á Íslandi telja sig vera með kerfi sem styðja vinnsluna eða aðeins 17%.

Skortur á upplýsingum eða rangar upplýsingar á sölureikningi sögðu þátttakendur helstu áskoranirnar í tengslum við öfuga skilaskyldu. Rúmlega helmingur nefndi skort á upplýsingum og rúmlega fjórðungur rangar upplýsingar. Skortur á upplýsingum var hlutfallslega sjaldnar nefndur af þátttakendum frá Íslandi eða af fimmtungi þeirra. Þá sagði rúmlega helmingur eða 53%, af þátttakendum í heild sem og frá Íslandi, það áskorun að viðskiptavinir þekki ekki muninn á innlendum sölureikningi og sölureikningi með öfugri skilaskyldu.

Þá þótti regluverkið flóknast á Íslandi og því næst í Danmörku. Um sex af hverjum tíu sögðu regluverkið flókið á Íslandi og helmingur þátttakenda frá Danmörku.

Varðandi framkvæmdina á Íslandi var það gagnrýnt að ekki er mögulegt að skila skýrslu rafrænt um virðisaukaskattsskyld kaup þjónustu erlendis frá, að pappír sé allsráðandi og að mannshöndin vinni verkin. Fyrir vikið þyki erfitt að fylgja málum eftir, að leiðrétta skýrslur og greiða kröfur. Í viðtölum sögðu viðmælendur almennt að bæta mætti upplýsingar um öfuga skilaskyldu á vefsvæðum norrænna skattyfirvalda.

Viðmælandi hér á landi nefndi einnig að framkvæmdin væri óljós út á við, þ.e. að það væri erfitt fyrir aðila sem vilji eiga í viðskiptum hér á landi að greina hvenær öfug skilaskylda gildi og hvenær ekki. Fyrir vikið þurfi fólk að kaupa sér þjónustu sérfræðinga. Þá þykir það hindrun fyrir erlenda aðila sem vilja tímabundið vinna verkefni á Íslandi að hér sé ekki öfug skilaskylda í sama formi og á hinum Norðurlöndunum. Í dag þurfa þeir að skrá sig á virðisaukaskattsskrá ef verkefnið veltir meira en tveimur milljónum íslenskra króna á 12 mánaða tímabili. Áður þurfa þeir að fá umboðsmann sem er tilbúinn að taka á sig solidaríska ábyrgð sem jafnan er kostnaðarsamt. Þessi framkvæmd fæli erlenda aðila frá því að eiga viðskipti á Íslandi.


Viðauki III: Könnun á stafvæðingu íslenskra fyrirtækja

Forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja telja mikinn ávinning af því að nota rafræna reikninga í stað pappírsreikninga og PDF-skjala. Tímasparnaður, minni kostnaður, aukin sjálfvirknivæðing, sveigjanleiki og öryggi eru meðal helstu kostna sem nefndir eru í könnun sem Maskína framkvæmdi fyrir NSG&B.

Notkun viðskiptakerfa og staðlaðra rafræna viðskiptaskjala

Notkun á viðskiptakerfum, svo sem bókhalds- eða fjárhagskerfum, er útbreidd á Íslandi en 83% íslenskra fyrirtækja nota eitt eða fleiri viðskiptakerfi, aðallega fyrir reikningshald (93%), bókhald (91%), sölu (71%), fjármálastjórnun (64%) og innkaup (48%).

Hvaða vinnsluferla geta stafrænu viðskiptakerfin ykkar séð um?




Mynd 1: Vinnsluferlar sem viðskiptakerfi styðja.

Aðspurð hvort fyrirtækið geti skipt um þjónustuaðila fyrir viðskiptakerfi án verulegs kostnaðar voru aðeins 27% mjög eða frekar sammála því.


Spurt var sérstaklega hvort fyrirtæki sendi og fái senda rafræna sölureikninga í stað þess að senda/móttaka sölureikninga á pappírformi eða sem PDF-skjöl. Sögðu 71% alla eða flesta sölureikninga senda rafrænt á milli kerfa en 59% alla eða flesta sölureikninga berast rafrænt á milli kerfa.

Fyrirtækið sendir rafræna sölureikninga (milli kerfa) í stað þess að senda reikninga á pappírformi eða PDF-skjöl



Mynd 2: Sölureikningar sendir rafrænt.

Fyrirtækið fær senda rafræna sölureikninga (milli kerfa) í stað reikninga á pappírsmáli eða PDF-skjöl



Mynd 3: Sölureikningar móttæknir rafrænt.

Mun fleiri fyrirtæki eða 87% eru mjög eða frekar sammála því að mikill ávinningur sé af því að nota rafræna sölureikninga í stað pappírreikninga og PDF-skjala. Helstu kosti rafrænna sölureikninga sögðu fyrirtækin vera:

- ✓ Sparnaður í tíma og kostnaði (pappír, pósturþargjöld)
- ✓ Sjálfvirknivæðing (minni handavinna)
- ✓ Einföldun - Aukin skilvirkni (stjórnun, eftirlit)
- ✓ Fljót og örugg leið til að senda og móttaka reikninga - reikningar tynast ekki (berast beint í bókhald)
- ✓ Minni villuhætta
- ✓ Hraðari afgreiðsla reikninga
- ✓ Aukinn sveigjanleiki (hægt er að afgreiða rafræna reikninga utan skrifstofu)
- ✓ Umhverfisvænir


Áttatíu prósent fyrirtækjanna eru mjög eða frekar sammála því að mikill ávinningur hljóttist af því að geta skipst á stöðluðum rafrænum skjölum á borð við rafræna sölureikninga og pantanir í gegnum netkerfi. Helmingur þeirra er hins vegar ekki meðvitaður um að það sé mögulegt í viðskiptum við önnur Norðurlönd.

Fyrirtækin sem eru í viðskiptum við önnur Norðurlönd og senda alla eða flesta sína sölureikninga rafrænt voru spurð hversu einfalt/flókið það er að skiptast á stöðluðum rafrænum skjölum í gegnum netkerfi. Meirihluti þeirra segir það einfalt að skiptast á rafrænum vörulistum (75%), rafrænum pöntunum (70%), rafrænum sölureikningum (78%) og rafrænum kvittunum (83%).

Aðgengi að upplýsingum um fyrirtæki

Samkvæmt könnuninni geta 58% fyrirtækja veitt þjónustuaðila/þriðja aðila aðgang að gögnum fyrirtækisins í gegnum stafræn viðskiptakerfi. Spurt var hvort grunnupplýsingar um fyrirtæki ættu að vera aðgengilegar, bæði innanlands og innan Norðurlandanna, til hagsbóta fyrir fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra og voru 78% fyrirtækjanna mjög eða frekar sammála því. Aðeins færri eða 67% eru sammála því að fjárhagsupplýsingar fyrirtækja úr ársreikningum ættu að vera aðgengilegar. Þá voru 74% fyrirtækjanna sammála því að það sé mikill ávinningur af því að hafa aðgang að slíkum opinberum upplýsingum um fyrirtæki.

Það er mikill ávinningur af því að hafa aðgang að opinberum upplýsingum um fyrirtæki bæði innanlands og innan Norðurlandanna, bæði fyrir fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra



Mynd 4: Ávinningur af því að hafa aðgang að opinberum upplýsingum um fyrirtæki er talinn mikill.

Notkun snjalltækni og rauntímagagna

Fyrirtækin voru spurð hvort þau noti eða hafi í hyggju að nota snjalltækni og rauntímagögn til að bæta vinnuferla. Snjalltækni var skilgreind sem stafræn og sjálfvirk ferli í fyrirtækinu. Þau sem svöruðu játandi (41%) nefndu m.a. eftirfarandi:

- ✓ Sjálfvirknivæðing í tollafgreiðslu (RPA)
- ✓ Stafvæðing ferla í innkaupa- og birgðastýringu (RFID)
- ✓ Innkaup, framleiðsla og sala verði eitt ferli
- ✓ Sjálfvirknivæðing í allri meðhöndlun reikninga og færslu bókhalds
- ✓ Sjálfsafgreiðsla
- ✓ Tölfræði notuð til að bæta framleiðslu
- ✓ Skráning með snjallsímum eða töflutölvum til að draga úr tvíverknaði og pappírnotkun

Þá voru fyrirtækin beðin að áætla hversu mikið þau myndu spara í evrum fram til ársins 2025 með notkun snjalltækni og rauntímagagna og af þeim sem svöruðu mátu 15% sparnaðinn þá orðinn meiri en 10.000 evrur.

Um könnunina

Maskína framkvæmdi könnun á stafvæðingu fyrirtækja fyrir NSG&B á tímabilinu 13. september - 13. október 2023 í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Samtals svaraði könnuninni 261 (25%) fyrirtæki á Íslandi sem send var prókúruhöfum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Flestir þeirra eru eigendur eða framkvæmdastjórar og öll fyrirtækin eru skráð á Íslandi. Um 40% þeirra eru í viðskiptum við önnur Norðurlönd og 45% við svæði utan Norðurlandanna. Nær níu af hverjum tíu eru með færri en 100 starfsmenn en einyrkjar falla þar undir.

